STJÓRNARTÍÐINDI B 74 – 1998

Nr. 518 1694 26. ágúst 1998

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs, Fífuhvammsland, Salir.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. ágúst 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, frá 29. apríl 1994.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar:

- Arnarnesvegur er færður norðar og tengibraut sem var norðan við hann er felld út frá Leirdalsbotni að Jaðarseli.
- Verslunar- og þjónustusvæði í Leirdal er fellt út.
- Iðnaðarsvæði í Rjúpnadal er fellt út.
- Gert er ráð fyrir 9 holu golfvelli í Litla-Leirdal.
- Afmörkun fyrirhugaðs kirkjugarðs í Leirdal er breytt og hann stækkaður.
- Afmörkun bæjarverndar í Hádegishólum er breytt með tilvísan í ítarlegri afmörkun.
- Afmörkun íþrótta- og skólasvæðis breytist.
- Afmörkun íbúðarsvæðis breytist. Milli þess og íþróttasvæðis er gert ráð fyrir hverfisþjónustu og leikskóla.
- Afmörkun íbúðarsvæðis við Arnarnesveg breytist og það fært til norðausturs.
- Göngu- og reiðleiðir breytast til samræmis við ofangreindar breytingar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 26. ágúst 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannsson.

Stjórnartíðindi B 74, nr. 518. Útgáfudagur 31. ágúst 1998.

Gutenberg